

Reglur lista- og menningarsjóðs Kópavogs

Hlutverk

Lista- og menningarráð fer með stjórn sjóðsins. Það er skipað fimm mönnum og jafnmörgum varamönnum, sem bæjarstjórn Kópavogs kys. Starfstímabil stjórnarinnar er hið sama og bæjarstjórnar. Eitt af hlutverkum lista- og menningarsjóðs er að efla lista- og menningarlíf í Kópavogi, styrkja starf Menningarhúsanna í Kópavogi, framfylgja menningarstefnu Kópavogsbæjar, skapa vettvang fyrir fjölbreytt menningar- og listalíf og stuðla að fræðslu og miðlun lista og vísinda.

Tekjur

Tekjur sjóðsins eru:

- Á fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar renna í sjóðinn 0,5% af 6,7% útsvarsstofni nema annað sé ákveðið við gerð fjárhagsáætlunar.
- Aðrar tekjur sem sjóðnum kann að áskotnast

Ráðstöfun tekna lista- og menningarsjóðs

- Tekjum sjóðsins skal m.a. varið á eftirfarandi hátt:
- Til kaupa á listaverkum.
- Til launa bæjarlistamanns Kópavogs og útnefningar heiðurslistamanns.
- Til ljóðahátíðarinnar Ljóðstafur Jóns úr Vör.
- Til almennrar lista- og menningarstarfsemi í bæjarfélaginu.
- Til árlegra styrkveitinga til einstaklinga, hópa og stofnana vegna almennrar menningarstarfsemi

Styrkúthlutanir

Lista- og menningarsjóður Kópavogs veitir styrki til einstaklinga, listhópa, félagasamtaka, fyrirtækja og stofnana og til almennrar menningarstarfsemi eða verkefna á sviði lista, hönnunar eða arkitektúrs, sem eru í samræmi við menningarstefnu Kópavogsbæjar. Stjórn sjóðsins ákveður úthlutun styrkja. Stjórnin getur ákveðið sérstakar áherslur við styrkúthlutun hverju sinni og verða þær þá að koma fram í auglýsingu. Að hausti ár hvert eru auglýstir til umsóknar styrkir úr lista- og menningarsjóði með fjögurra vikna umsóknarfresti.

Umsækjendur verða að sýna fram á gildi þeirra verkefna sem sótt er um styrk til á sviði lista- og menningarmála í Kópavogi, sýna fram á getu til að hrinda verkefninu í framkvæmd á næsta starfsári og leggja fram skýra fjárhagsáætlun þar sem tilgreindir eru kostnaðarliðir og aðrar fjármögnunarleiðir.

Styrkir til almennrar menningarstarfsemi

Styrkir til almennrar menningarstarfsemi skulu veittir einstaklingum, menningarstofnunum og listhópum sem sannað hafa gildi sitt í menningarlífi í Kópavogi eða geta með skýrum hætti sýnt fram á gildi starfs síns, án þess þó að styrkir séu tengdir ákveðnu verkefni. Í umsókn skal greina frá starfi, leggja fram starfsáætlun næsta árs, birta fjárhagsáætlun þegar um rekstur eða viðburði er að ræða, og upplýsa um aðrar fjármögnunarleiðir til starfsins.

Lista- og menningarsjóður heldur eftir að hámarki 5% af óbundnu styrkjafé til að úthluta eftir árlega afgreiðslu. Úthlutun þess fjár kemur aðeins til greina vegna tilfallandi verkefna eða viðburða sem ber brátt að og ekki var hægt að sjá fyrir eða skipuleggja í aðdraganda almennrar styrkjaúthlutunar.

Mat á umsóknum

Við mat á umsóknum skal menningarstefna Kópavogs höfð til hliðsjónar. Auk þess er horft til eftirfarandi þátta:

- Listræns mats á verkefninu og faglegri hæfni aðstandenda.
- Verkefna sem fela í sér frumsköpun eða frumflutning.
- Leitast er við að hafa endurnýjun eða nýliðun styrkþega að leiðarljósi.
- Hvernig verkefnið/starfsemin auðgar menningarlífið í Kópavogi og hvernig fjármunirnir muni nýtast í því samhengi.
- Hversu líklegt er að verkefnið verði að veruleika, laði að frekara fjármagn og að aðstandendur verkefnisins geti hrint því í framkvæmd.
- Gæða, vinnslu og framsetningar umsóknar, og faglegra vinnubragða.

Athugið að ekki eru veittir styrkir vegna ferða, útgáfu efnis eða vefsíðugerðar.

Lista- og menningarráð veitir ekki rökstuðning um ákvörðun á úthlutun styrkja samkvæmt 21. gr. stjórnsýslulaga.

Samningur

Lista- og menningarsjóður og styrkþegi gera með sér samning sem m.a. kveður á um fyrirkomulag greiðslu styrksins og eftirfylgni. Þar skal koma fram að styrkþegi skuli skila greinargerð um árangur starfs eða verkefnis fyrir árslok og jafnframt skal gerð grein fyrir ráðstöfun styrksins. Lista- og menningarsjóður veitir ekki styrk aftur til þeirra sem ekki hafa skilað greinargerð vegna fyrri styrkja. Lista- og menningarsjóður áskilur sér rétt til að segja upp styrksamningi ef forsendubrestur verður eða vanefndir af hálfu styrkþega. Styrkir til verkefna eru ekki að fullu greiddir fyrir en við lok verkefnisins og eftir að greinargerð hefur verið skilað.

Þeir sem njóta styrkja frá lista- og menningarsjóði skulu geta þess í kynningarefni sínu.

Umsóknareyðublöð

Allar umsóknir þurfa að berast rafrænt. Nánari upplýsingar er að finna á www.meko.is.